

113 8. júní. — Fyrir álíkum beiðslum frá öðrum sýslum, þar sem jafnmikil eða álík harðindi munu hafa gengið sem í Borgarfjarðarsýslu og má ekki veita einni sýslu meiri hjálp úr viðlagasjóði en svo, að unnt verði, að sama skapi, að hjálpa öðrum sýslufjelögum, sem eins er ástatt fyrir. Af þessum ástæðum get jeg sem stendur að eins heitið sýslunefndinni svo miklu láni, sem hún, að fluguðum öllum ástæðum, og að fengnu samþykki amtsráðsins, treystir sjer til að endurborga á 10 árum, og að ávaxta með 4 af hundraði árlega, allt með því skilyrði, að viðlagasjóðurinn sje fær um að láta sýslunni lánið í tjei, án þess að láta önnur sýslufjelög, er eins kynni að vera ástatt fyrir, sitja á hakanum.

114 26. júní. — Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu um ályktunarvald sýslunefndar. — Með brjefi frá 22. f. m. hafið þjer, herra amtmaður, sent mjer eptirrit eptir brjefi yðar s. d. til oddvita sýslunefndarinnar í Suðurmúlasýslu, þar sem þjer, samkvæmt 7. grein tilskipunar frá 4. maí 1872 um sveitastjórn, hafið fellt úr gildi fyrst um sinn ályktun sýslunefndarinnar í Suðurmúlasýslu frá 30. marz þ. á. um, að fiskiveidasamþykktir þær fyrir Reyðarfjörð, Norðfjörð og Fáskrúðsfjörð, er sýslunefndin 15. septbr. 1880 samþykkt, um 1 ár, skyldu halda gildi sínu, þangað til að þeim væri breytt á þann hátt, sem lög 14. desbr. 1877 mæla fyrir, og um, að oddvita sýslunefndarinnar skyldi falið að birta þetta í stjórnartíðindum, og hafið þjer þar að auki samkvæmt 37. grein tilskip. 74. maí 1872, lagt málið undir úrskurð minn.

Fyrir því vil jeg þjónustusamlega tjá yður, herra amtmaður, til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar, að jeg samkvæmt ástæðum þeim, er til greindar eru í brjefi yðar frá 22. f. m. til oddvita sýslunefndarinnar í Suðurmúlasýslu, staðfesti úrskurð þann, er þetta brjef inniheldur, og er því hin fyrrnefnda ályktun sýslunefndarinnar frá 30. marz þ. á., að öllu leyti úr gildi felld.

115 26. júní. — Brjef landshöfðingja til sýslumannsins í Skagafjarðarsýslu um laun hreppstjóra. — Útaf þóknanlegu brjefi yðar, herra sýslumaður, frá 5. þ. m. vil jeg tjá yður, að það að mínu áliti sje óhætt samkvæmt 1. og 15. grein laga 13. janúar þ. á. (A. 3) og ráðgjafarbrjefi frá 22. febr. þ. á. (B. 60) að greiða hreppstjórum á manntalsþingum þessa árs þóknun fyrir tímabilið frá 1. jan. til fardaga þ. á., er nemi ^{157/365} af 1 kr. eða 43 a. fyrir hvern búandi mann innanhrepps, sem býr á jörð eða jarðarparti, sem metinn sje til dýrleika eigi minna en 5 hundruð eptir gildandi jarðarmati.

116 26. júní. — Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir suður- og vesturumdæminu um hallærislán. — Með brjefi dagsettu í gær hafið þjer, herra amtmaður, sent hingað skýrslu frá sýslumönnunum í Snæfellsness- og Hnappadalssýslu og í Dalasýslu um hallæri og hungursneyð, er vöfa virðist yfir sýslubúum þeirra, ef eigi verður reynt að reisa þar skordur við með skjótri hjálp; hafið þjer getið þess í brjefinu, að á amtsráðsfundi þeim, sem kveðið sje á, að halda í Stykkishólmi 18. júlí næstkómandi, muni samkvæmt tilsk. 4. maí 1872, 39. gr. verða um það rætt, hvað gjöra beri í þessu efni; en jafnframt hafið þjer tekið fram, að yður þyki óvíst, að mál þetta þoli svo langan drátt, en að yður virðist það áriðandi, að sýslumönnunum yrði frá því skýrt með póstskipisferð þeirri til vesturlandsins, er hjeðan hefst 2. júlí, hværrar aðstoðar þeir megi vænta sjer af landstjórnar-